

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2001/51/EB frá 20. desember 2000 um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna (2001–2005) ⁽²⁾ var felld inn í bókun 31 við samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2001 frá 19. júní 2004 ⁽³⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1554/2005/EB frá 7. september 2005 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2001/51/EB um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak bandalagsins um jafnrétti kynjanna og ákvörðun nr. 848/2004/EB um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins til að styðja við bakið á samtökum sem starfa á sviði kynjajafnréttis í Evrópu ⁽⁴⁾.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2006.
- 5) Innfelling ákvörðunar nr. 1554/2005/EB í bókun 31 við samninginn varðar eingöngu ákvörðun ráðsins 2001/51/EB..

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í fjórða undirlið (ákvörðun ráðsins 2001/51/EB) 8. mgr. 5. gr. bókunar 31 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 D 1554:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1554/2005/EB frá 7. september 2005 (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 9).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 17, 19.1.2001, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 9.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2006 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.